1875
27 14da apríl. stjórinn, þar sem skipið kemur að landi, eður sá, sem fyrir hönd lögreglustjórans á að skoða skjöl skipsins, hafa sterkar gætur á, að slíkum fyrirmælum verði hlýtt. Hann á því undir eins og skipið hefur hafnað sig að rannsaka, hvort nokkur slík skepna eður nokkur afrakstur af slíkum skepnum sje á skipinu, eður hafi verið þar og nú sje flutt í land. Nú reynist það, að nokkuð það, sem sóttarefni getur fluzt með, sje á skipi, og á þá lögreglustjóri eður umboðsmaður hans að sjá um það, að ekkert slíkt (skepnur eður skinn og aðrir hlutir af þeim) verði flutt í land, en að öllu sóttarefni, sem hefur getað verið því samferða, verði, áður en samgöngur skipshafnarinnar við landsmenn byrja, eytt og skepnunum eður hlutunum af þeim fleygt í sjóinn. Hafi skepnur, skinn eður aðrir hlutir af skepnum verið fluttir í land, áður enn lögreglustjóri eða umboðsmaður hans gat varnað því, skal lögreglustjórinn, ef innflutningur á slíkum hlutum hefur ekki verið með öllu bannaður en einungis bundinn skilmálum, sjá um, að sóttarefninu verði á kostnað þess, sem við hefur tekið, eytt á fyrirskipaðan hátt; en hafi innflutningur verið bannaður með öllu, ber að sjá um, að skinn og aðrir hlutir skepna verði brendir eður grafnir í jörð niður, og að skepnur þær, sem innfluttar hafa verið, verði, ef þær þegar reynast veikar af næmum sjúkdómi, drepnar og grafnar. Sjeu þær þar í mót álitnar heilbrigðar, á í 3 vikur þar, sem þær voru fluttar í land, að halda þeim sjer, aðskildum frá öllum öðrum skepnum. Að svo miklu leyti, sem mögulegt er, á allan þenna tíma að halda skepnunum í húsi, og ber, hvað sem öðru líður, að sjá um, að engar samgöngur eigi sjer stað um þenna tíma með hinum útlendu og innlendu skepnum, og að menn, er hirða innlendar skepnur og sóttarefni gæti fluzt með, fái eigi að handleika hinar útlendu skepnur eður að dvelja í húsum, þar sem þær eru hafðar.

Ef skepnur þær, sem inn eru fluttar hafa allt af verið heilbrigðar hinar fyrstu 3 vikur, má eigandi fá frjáls ráð á þeim, en hafi skepnurnar á því tímabili verið veikar, og sje ekki fullkominn vissa fyrir, að þessi veiki sje með öllu hættulaus, er nauðsynlegt að varna samgöngum ekki að eins, þangað til sjúkdómurinn er allæknaður, heldur einnig eigi skemur enn 4 vikur eptir það. Komi, meðan innfluttri skepnu er haldið sjer, grunur upp um, að hún sje tekin næmum og skæðum sjúkdómi, ber undir eins að drepa hana og grafa hana niður með allri varúð; og skal vandlega hreinsa og svæla hús það, þar sem skepnan hefur verið höfð, áður en öðrum skepnum er hleypt inn í það. Það er sjálfsagt, að umboðsmanni lögreglustjórans, ber sem fyrst að skýra honum frá ráðstöfunum sínum, og leita frekari ráða til hans. Sje dýralæknir eða hjeraðslæknir nálægur, ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans að bera sig saman við hann, en sje ekki kostur á að ná til læknis, ber lögreglustjóra eður umboðsmanni hans, að svo miklu leyti sem unnt er, að leita ráða hinna beztu bœnda og reyndra fjármanna.

28 17da apríl. *Brjef landshöfðingja* (til beggja amtmanna).

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur í brjefi af 10. f. mán., skýrt frá, að bólusóttin gangi í Kaupmannahöfn, í Drageyri og Kastrup á Amager, í Vordingborg, og í Gautaborg í Svíaríki.

Jeg skal því þjónustusamlega biðja yður hávelborni herra, að gefa þetta yfirvöldum þeim, er þjer eruð yfir skipaðir, til vitundar, og brýna fyrir þeim, að fara sem rœkilegast eptir ákvörðunum opins brjefs frá 20. júní 1838[1].

1) Brjef þetta er prentað í lagasafni handa Íslandi XI bls. 243—6, og er í því meðal annars skipað fyrir, að þeir, sem fyrir er trúað að rita á skipaskjöl, skuli grennslast eptir því, hvort nokkur bólusóttveikur maður sje um borð, er skip kemur að landi, og sjá um að skipið ef svo reynist, leggist í sóttvarnar varðhald.